


Hvítabirnir á Íslandi – Áhugavert safn frásagna um hvítabjarnakomur



Það er ávallt fagnaðarefni þegar ástríða og áhugi einnar manneskju smitar út frá sér og verður öðrum til góðs, ánægju og innblástrar. Bókin *Hvítabirnir á Íslandi*^a er einmitt dæmi um þetta.

Mannfræðingurinn Rósa Rut Þórisdóttir er höfundur bókarinnar en hún byggir á hugmynd og fræðastarfi föður hennar, Þóris Haraldssonar, sem var líffræðikennari við Menntaskólinn á Akureyri og lést í ársbyrjun 2014. Bókin er unnin og gefin út í minningu hans.

^a Rósa Rut Þórisdóttir 2018. *Hvítabirnir á Íslandi*. Hólar, Reykjavík. 272 bls.

Rósa Rut Þórisdóttir

Um 1259

Í málaga kirkjunnar á Skarði á Skarðsströnd er þess getið að hún eigi bjarnarfeld. Skekkjumörkin hvað landgöngu þessa bjarnýrs varðar eru um 30-50 ár eftir því sem Björn Teitsson segir en þann tíma telur hann raunhæfan varðandi endingatíma hvers feldar á þessum tíma.⁴²

1261

Er enn einn ísaetuninn þar sem hafinn er sagður vera umhverfis landið.⁴³

1274

Árin 1274-1276 voru miklir hafnar hér við land og voru þá, eftir því sem annálar herma, drepnir hér 49 birmir. Það verður að teljast með metinum hvað landgöngur hvítajarna hér á landi varðar.

Íslenskir annálar vitna um að 22 hvítabirnir hafi verið drepnir á Íslandi á því herrans ári 1274 í Gottskálksannál stendur „Drepnir hvítabirnir ij og xx á Íslandi.“⁴⁴

1275

Árið eftir vitna íslenskir annálar um 27 bjarnýr sem veiddust á Íslandi það ár. Í Gottskálksannál stendur „Veiddir á Íslandi hvítabirnir vij og xx. Kringdi hafis nær um allt Ísland og þá fylgdi sandfellir í sumum stöðum.“⁴⁵

1279

Frá orði alda giltu siðareglur um að bjarnýr, sem hvorki ógnaði fólki né fénaði, yrði ekki drepið og sá maður sem braut þær kallaði óhjákvæmilega yfir sig ógæfu. Hitt var þó líka til að menn fognuðu komu bjarnanna. Þá gæft tækifæri til að sýna mátt sinn og megin auk þess sem afurðir dýranna gátu komið í góðar þarfir. Í *Íslenskum annálabrotum*, sem Gísli Oddsson Skálholtsbiskup tók saman, segir um árið 1279: „Afur biur og harður vetur með hafis sem kringdi landið hvaðanæva, af því fell fjöldi manna og útgöngupennings. En Drottinn sendi þá hvítabirni og seli til að létta því hungri.“⁴⁶

1280

Í Tónabók, sem tók við af Grágas og kom út 1280, eru ákvæði um hvítabirni hert. Hafi eignarhald á bjarnýrum tölkast áður virðið það ekki lengur vera. Þar segir að hvítabjörn sé óheilagur á hvers manna jörðu og sá eigi björn er fyrstur komi banaðari á.

Um 1318

Drottinn sendi sínu fólki greimlega reglulega hvítabirni því að í Auðunarmáldaga frá 1318 er bjarnarfelda getið í 16 kirkjum af 95 á Norðurlandi sem drögu úr fókulda klerkanna á koldum vetrar-á Möðruvöllum í Eyfirði, í Núpufelli, á Grund, á Hrafnagli, á Silfrastöðum, í Flatey, Grímsey, Hofi á Skagaströnd, á Höskuldastöðum og Hólum í Vesturhópi (Vesturhópsbólum) áttu allar sinn Teitsson gefur sér 30-50 ára skekkjumörk hvað endingu hvers feldar varðar eins og fyrr segir.⁴⁷

⁴² Björn Teitsson, 1975. Bjarnafeldir í málögum. *Afmæti Björns Sigfússonar*, bls. 38.

⁴³ Resensannál, 1888. *Íslenskir annálar indli* 1578, bls. 27.

⁴⁴ Gottskálksannál, 1888. *Íslenskir annálar indli* 1578, bls. 332.

⁴⁵ Sama heimild, bls. 332.

⁴⁶ Gísli Oddsson, 1942. *Íslensk annálabrot*. *Annalium in Islandia Farnago*, bls. 10.

⁴⁷ Björn Teitsson, 1975. Bjarnafeldir í málögum. *Afmæti Björns Sigfússonar*, bls. 38.

24



Mynd Kristins G. Jóhannssonar úr bókinni *Á Skjalátti*, 2003, eftir Jón Sveinsson, *Í endursögu Brynhildar Þérandóttur, birt með góðfíglegu leyfi Kristins G. Jóhannssonar*.

25



Rósa Rut Þórisdóttir.

Loks gefa titill bókarinnar og kápu-texti ekki nægilega skýra mynd af því hvers konar bók um ræðir, fyrir þá sem ekki þekkja þegar til efnis hennar, en út frá hvoru tveggja má ætla að efnið hafi verið dregið meira saman og nái í meira mæli út fyrir safn lýsinga af hvítabjarnakomum.

Á heildina litið er á hinn bóginn um ákaflega fróðlegt safn frásagna að ræða og eru mikil verðmæti falin í því að þær eru nú saman komnar á einum stað. *Hvítabirnir á Íslandi* er góð viðbót við þann hluta íslenskrar bókaflóru sem snertir náttúru og mannlíf og vel þess virði að skoða nánar.

UM HÖFUNDINN

Menja von Schmalensee (f. 1972) lauk BS-prófi í líffræði frá Háskóla Íslands 1997 og stundar nú nám til Ph.D.-prófs við sama skóla samhliða starfi sem sviðsstjóri á Náttúrustofu Vesturlands. Hún hefur gegnt þeirri stöðu síðan 2003, og vinnur aðallega að rannsóknnum tengdum vistfræði ágengra tegunda og vernd villtra dýra.

PÓST- OG NETFANG HÖFUNDAR / AUTHOR'S ADDRESS

Menja von Schmalensee
Náttúrustofa Vesturlands
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur
menja@nsv.is